

Rammasamningur

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og sálfræðinga, sem fengið hafa samþykkt SÍ til að starfa samkvæmt samningi þessum um sálfræðiþjónustu við börn með geðraskanir

1. gr. GILDISSVIÐ

SÍ og sálfræðingar gera með sér samning um sálfræðiþjónustu á eigin starfsstofum sálfræðinga utan sjúkrahúsa fyrir börn með alvarlegar geð-, hegðunar- og þroskaraskanir sem eru sjúkratryggð skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Samningur þessi tekur til sálfræðiþjónustu að undangenginni greiningu og geðheilbrigðismeðferð hjá aðila sem er með samning við SÍ um tilvísanir, sbr. 5. gr.

Samningur þessi nær ekki til vinnu við hóp- og vísindarannsóknir eða heilsuverndarstarfa, hverju nafni sem nefnast.

2. gr. AÐILD

Eftir samningi þessum geta starfað löggiltir sálfræðingar sem reka eigin starfsstofur á Íslandi, hafa sótt námskeið um siðareglur á vegum Sálfræðingafélags Íslands (eða sambærilegt námskeið hjá öðrum viðurkenndum aðila) og uppfylla jafnframt öll eftirtalin skilyrði:

- hafa starfsreynslu sem sálfræðingar að lágmarki í 4½ ár
- hafa starfsreynslu á opinberri stofnun við meðferðarvinnu með börnum og unglingum eða ráðgjöf við foreldra vegna vanda barna að lágmarki 3 ár
- hafa sótt einkahandleiðslu í a.m.k. 54 klst.
- hafa sótt fræðslunámskeið um málefni barna og foreldra samtals í a.m.k. 100 stundir.

Löggiltir sálfræðingar sem vilja starfa samkvæmt samningnum skulu senda um það erindi til SÍ ásamt öllum nauðsynlegum gögnum. Sé um rekstur á nýrri starfsstofu að ræða þarf að fylgja erindinu staðfesting landlæknis á því að reksturinn uppfylli faglegar kröfur, sbr. 26. gr. laga nr. 40/2007.

Afgreiðsla erinda er með eftirfarandi hætti:

1. SÍ skipar tveggja manna fagráð. Annar fulltrúinn er tilnefndur af Sálfræðingafélagi Íslands. Fagráð metur umsóknir sálfræðinga og staðfestir við SÍ og viðkomandi sálfræðing hvort viðkomandi uppfylli skilyrði til að starfa samkvæmt samningnum. Ákvarðanir fagráðs skulu vera samhljóða.
2. Erindi þeirra löggiltu sálfræðinga sem uppfylla skilyrði fagráðs eru afgreidd af SÍ. SÍ skulu svara erindunum innan mánaðar frá því að öll nauðsynleg gögn berast.

3. gr.
KRÖFUR TIL SÁLFRÆÐINGA

Sálfræðingar skulu veita viðurkennda og gagnreynda sálfræðiþjónustu og uppfylla allar opinberar kröfur um faglega vinnu, rekstur og eftirlit. Þeir skulu sýna faglega hæfni og starfa eftir samnorrænum siðareglum sálfræðinga. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Færsla í sjúkraskrár skal vera í samræmi við reglugerð þar um, nr. 227/1991.

Sálfræðingar skulu tilkynna SÍ á hvaða tíma þjónusta þeirra stendur sjúklingum til boða. Þeir skulu tilkynna SÍ um mögulegar breytingar á staðsetningu stofu.

Sálfræðingar skulu gæta þess að tímasetningar pantaðra tíma sjúklinga standist sem best og gera sjúklingi viðvart í tæka tíð, þurfi þeir að breyta tíma.

Sálfræðingar skulu sérstaklega gæta ákvæða laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Sálfræðingar skulu gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna við val á sálfræðimeðferð.

Þegar sálfræðingar hafa lokið meðferð á sjúklingi skulu þeir senda tilvísandi greiningarteymi sjúklings samantekt um niðurstöður sínar, árangur meðferðar og annað sem skiptir máli.

4. gr.
AÐBÚNAÐUR

Starfsstofur sálfræðinga skulu uppfylla almennar kröfur um aðbúnað og aðgengi, hafa góða loftræstingu og lýsingu og vera með aðgang að salerni.

5. gr.
TILVÍSANIR

Þjónusta skv. samningi þessum er takmarkast við tilvísanir frá þverfaglegu greiningarteymi sem starfar á vegum aðila sem er með samning við SÍ um tilvísanir (tilvísanasamning).

Í tilvísun er tilgreindur fjöldi meðferðartíma og gildistími. Fjöldi meðferðartíma í hverri lotu getur verið allt að tíu og gildistími tilvísunar allt að 6 mánuðir frá útgáfudegi hennar. Meðferð skal lokið innan gildistímans. Tilvísun frá barnageðlækni/barnalækni teymisins þarf að fylgja sjúkdómsgreining byggð á ICD-10, stutt ágríp fjölskyldu-, þroska-, skóla og sjúkrasögu, upplýsingar um fyrri meðferð og greiningar og meðferðarmarkmið.

6. gr.
MEÐFERÐ

Sálfræðimeðferð skal eftir þörfum og aðstæðum fara fram í samráði við tilvísandi greiningarteymi skv. 5. gr.

Meðferð getur verið fölgín í:

- a) Sálfræðimeðferð barns
- b) Ráðgjöf til forráðamanna barns

Í lok meðferðar (meðferðarlotu) skal sálfræðingur senda samantekt um árangur meðferðar til tilvísandi greiningarteymis sbr. 3. gr. þar sem fram kemur:

1. Stutt ágríp um innihald meðferðar.
2. Árangur meðferðar á grundvelli markmiða skv. tilvísun.
3. Mat á þörf fyrir frekari sálfræðimeðferð. Ef frekari meðferðar er þörf þá komi fram áætluð meðferðarlengd.

Teymið skal geta tekið mið af samantektinni þegar það tekur ákvörðun um framhaldið, s.s. útskrift, önnur úrræði, nýja meðferðarlotu eða eftirmeðferð.

7. gr.
ÞÓKNUN

Heildargreiðsla fyrir sálfræðimeðferð skv. samningi þessum skal vera samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

1. Sálfræðimeðferð barns, (tími barns með sálfræðingi a.m.k. 45 mín.)..... 100 ein.
2. Ráðgjöf til forráðamanna barns, (tími hjá sálfræðingi a.m.k. 45 mín.)..... 100 ein.

Frekari skilgreiningar:

Innifalið í greiðslu fyrir meðferð og ráðgjöf er þóknun fyrir allan undirbúning og frágang í tengslum við meðferðina/ráðgjöfina s.s. samskipti við tilvísandi teymi, skráning í sjúkraskrá og önnur umsýsla. Innifalið er einnig þóknun fyrir samantekt í lok meðferðarlotu.

Samtals er gert ráð fyrir 10 til 15 mínútum vegna hvers meðferðarskiptis vegna framangreindrar vinnu, sbr. 2. mgr.

Verð hverrar einingar er kr. 84,80.

8. gr.
GREIÐSLUPÁTTAKA SÍ

SÍ greiða fyrir meðferð sjúkratryggðra einstaklinga samkvæmt 7. gr. að frádregnum hluta sjúklings sbr. 9. gr., enda fylgi reikningi sálfræðings tilvísun frá þverfaglegu greiningarteymi sem er með samning við SÍ, sbr. 5. gr.

9. gr.
GREIÐSLUR SJÚKRATRYGGÐRA

Hlutur sjúklings í kostnaði við meðferð fer eftir reglugerð um greiðsluþátttöku vegna kostnaðar sjúkratryggðra barna yngri en 18 ára við þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga, nú reglugerð nr. 1266/2007. Þeim hluta greiðslu sem SÍ skulu greiða, skal þjónustuaðili aldrei veita viðtöku úr hendi hins tryggða.

Sálfræðingar skulu hafa gildandi gjaldskrá til sýnis fyrir sjúklinga á stofum sínum.

10. gr.
GREIÐSLUTILHÖGUN

Reikningar skulu sendir SÍ mánaðarlega á því formi, sem lög gera ráð fyrir og að öðru leyti uppfylla þau skilyrði, sem sett kunna að verða. Á reikningi skal koma fram nafn sálfræðings og starfsstöð hans, nafn og kennitala sjúklings, hvaða dag verk var unnið, hvenær hver einstakur meðferðartími hófst og hvenær honum lauk, og gjaldskrárlíður (nr. og texti) samkvæmt 7. gr. Sjúklingur/forráðamaður skal í lok hvers meðferðarskiptis staðfesta með undirskrift sinni á reikninginn að meðferð hafi átt sér stað og að hún sé rétt skráð og fá kvittun fyrir greiðslu sjúklingshluta. Ef sjúklingur / forráðamaður er ófær um að staðfesta meðferð skal ástæðan tilgreind.

Sálfræðingar skulu leggja sér sjálfir til öll reikningseyðublöð og önnur gögn vegna starfsemi sinnar.

Stefnt skal að því að sálfræðingar sendi reikninga til SÍ með rafrænum hætti.

SÍ geta hvenær sem er skriflega óskað skýringa á reikningi og ber reikningseiganda að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara
- hafna greiðslu reiknings

Reikningar fyrir þjónustu hvers mánaðar þurfa að berast SÍ fyrir 15. næsta mánaðar. Séu reikningarnir athugasemdaleusir greiða SÍ reikninga inn á bankareikninga sálfræðinga innan 12 daga frá móttöku þeirra.

11. gr.
ÁBYRGÐ

Sálfræðingur skal hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi.

12. gr.
KVARTANIR

Sálfræðingur eða SÍ geta hvor um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál eða kvartanir varðandi samninginn og samskipti bæði innbyrðis og við hina sjúkratryggðu.

13. gr.
UPPLÝSINGAR UM SJÚKLING

Sálfræðingar skulu skrá upplýsingar um hvern sjúkling og veita meðferð, sbr. 1. mgr. 3. gr. Læknar eða eftir atvikum aðrir heilbrigðisstarfsmenn SÍ skulu hafa aðgang að þeim sjúkraskrá sálfræðings er varða þjónustu hans við hina sjúkratryggðu í samræmi við 4. mgr. 45. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

14. gr.
EFTIRLIT

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga.

Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við sálfræðinga og lækna og heimsóknum á starfsstofur. Sálfræðingum er skylt að veita læknum eða eftir atvikum öðrum heilbrigðisstarfsmönnum SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

15. gr.
VANEFNDIR OG AÐGERÐIR VEGNA VANEFNDA

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að sálfræðingur uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta honum og heimta bætur fyrir fjártjón af viðkomandi sálfræðingi. Með sama hætti skal sálfræðingi heimilt að rifta samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi aðila lýkur.

Sannist vanefndir skulu aðgerðir SÍ vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

16. gr.
LOK STARFSEMI OG FLEIRA

Sálfræðingur, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt samningi þessum, skal tilkynna það skriflega til SÍ með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

SÍ er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart sálfræðingi, sem uppfyllir ekki skyldur sínar skv. samningnum. Sé um misferli að ræða, geta SÍ þó fyrirvaralaust sagt upp samningnum gagnvart viðkomandi sálfræðingi.

Komi til bótakröfu SÍ á hendur sálfræðingi er viðurkenndur réttur stofnunarinnar til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta þess sjúkratryggða.

**17. gr.
DÓMSMÁL**

Rísi mál út af samningi þessum má leggja það fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**18. gr.
GILDISTÍMI**

Fjárhagslegar skuldbindingar í samningi þessum eru með fyrirvara um nauðsynlegar heimildir í fjárlögum. Samningurinn er gerður í framhaldi af rammasamningi milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og sálfræðinga, dags. 15. desember 2008 og gildir frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2010.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

Þeir sálfræðingar sem áttu aðild að eldri rammasamningi í desember 2009 verða sjálfkrafa aðilar að rammasamningi þessum. Þeir sálfræðingar sem ekki vilja starfa samkvæmt samningnum þurfa að tilkynna það til SÍ fyrir 20. janúar 2010.

Reykjavík, 29. desember 2009

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

